



Ytra mat

Leikskólinn Lundarsel Akureyri

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Björk Ólafsdóttir

© Menntamálastofnun, 2017.

ISBN 978-9979-0-2113-1

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Lundarsel.	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	8
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	9
Stjórnskipulag og skipurit.	9
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn.	10
Fagleg forysta	10
Starfsandi og starfsánægja	11
Uppeldis- og menntastarf	12
Námsaðstæður	12
Starfshættir	13
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	13
Námssvið	13
Velferð og líðan barna.	14
Mat á námi og velferð barna	14
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	15
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	15
Viðhorf foreldra	15
Samstarf við grunnskóla	16
Annað samstarf	16
Skóli án aðgreiningar	16
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	16
Börn með annað móðurmál en íslensku	17
Innra mat	17
Matsþættir.	19
Samantekt.	20
Lokaorð	22
Heimildir.	23

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefndar hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Lundarsel hóf starfsemi árið 1979 og var þá tveggja deilda en hefur síðan verið stækkaður í fjögurra deilda leikskóla þar sem dvelja 89 börn og 25 starfsmenn. Að áliti matsaðila er húsnæði leikskólans þröngt miðað við barnafjölda og aðstaða fyrir sérkennslu ófullkomin þar sem henni er komið fyrir í sama rými og ætlað er fyrir fundi og viðtöl. Þörf er á að leita leiða til að bæta aðstöðu barna og starfsmanna í leikskólanum. Útileiksvæði Lundarsels er gott og gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum. Hlutfall leikskólakennara í Lundarseli er 75,86% sem uppfyllir ákvæði laga um ráðningu og menntun leikskólakennara. Starfsmenn hafa sameinast um einkunarorð/gildi og markmið fyrir leikskólann. Í leikskólanum er í gangi vinna við þróunarverkefni um heimspeki og jafnrétti.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Góð samvinna er við Fræðsluskrifstofu Akureyrarbæjar um stuðning við starfsmenn og börn. Áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar endurspeglast í starfi leikskólans. Nokkuð er til af skráðum gögnum til stuðnings við leikskólastarfið og má þar nefna leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn, foreldrahandbók, skipurit með starfslýsingum, áætlun um viðbrögð við áföllum, öryggis og rýmingaráætlun og áætlun um upphaf leikskólagöngu barna. Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólustarfsins og eru stoltir af starfi sínu. Upplýsingaflæði er gott og starfsmenn fá tækifæri til símenntunar. Þörf er á að ljúka við gerð skólanámskrár og gera hana sýnilega á heimasíðu ásamt starfsáætlun leikskólans. Leita þarf leiða til að auka yfirsýn leikskólastjórnenda og bæta endurgjöf þeirra til starfsmanna. Áfram þarf að vinna að því að byggja upp góðan starfsanda sem einkennist af trausti og virðingu og leita leiða til að vinna úr erfiðum samskiptum einstaklinga innan leikskólans.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanum er unnið samkvæmt árlegri starfsáætlun og skóladagatali. Dagskipulag leikskólans er endurskoðað reglulega miðað við þroska og þarfir barna. Unnið er með læsi í samræmi við læsistefnu Akureyrarbæjar. Lögð er áhersla á frjálstan leik og hópastarf. Markvisst er unnið með SMT. Á öllum deildum er unnið með markvissa málörvun. Börnunum líður vel í leikskólanum og starfsmenn bera umhyggju fyrir þeim. Þörf er á að vinna áfram að aukinni samræmingu milli deilda varðandi fagstarf leikskólans. Rýna ætti leikfangakost og efnivið leikskólans og nýtingu hans og gera listsköpun og vísindum hærra undir höfði. Leita þarf leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er það í góðu samstarfi við stjórnendur og stafsmenn og styður vel við leikskólastarfið. Foreldrar þekkja stefnu og einkunnarorð leikskólans. Þeir eru ánægðir með daglega upplýsingagjöf frá leikskólanum en leita þarf leiða til að bæta móttöku barna og samræma viðbrögð við ábendingum frá foreldrum. Gott og vel skipulagt samstarf er við grunnskóla og stofnanir í nærsamfélaginu. Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu leikskólans.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og ber hann ábyrgð á skipulagi sérkennslu. Allir starfsmenn þekkja aðstæður sérkennslubarna og fer kennsla þeirra fram einstaklingslega ef með þarf en annars í almennu starfi innan deilda. Í leikskólanum er vel unnið með málörvun barna með slaka málvitund. Leikskólinn vinnur með börn sem eiga annað móðurmál en íslensku samkvæmt stefnu Akureyrarbæjar en æskilegt er að skoða hvernig betur má vinna með þennan hóp.

Innra mat

Í viðtölum við stjórnendur og starfsmenn leikskólans kom fram að þar er unnið samræðumat í lok hvers skólaárs og taka allir starfsmenn þátt í því. Skólapúlsinn er nýttur fyrir foreldra- og starfsmannakannanir og SMT er metið reglulega. Árlega kemur daggæsluráðgjafi bæjarins í leikskólann og metur fagstarfið á deildum og gefur endurgjöf. Gerð er lítillega grein fyrir innra mati í ársskýrslu leikskólans sem er aðgengileg á heimasíðu hans og einnig í starfsmannahandbók. Innra mat leikskólans þarf að kerfisbinda með ítarlegri matsáætlun fyrir hvert ár og langtímaáætlun til nokkurra ára. Leita þarf leiða til að auka aðkomu barna að innra mati. Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Lundarseli á Akureyri. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur og Kolbrúna Vigfúsdóttur og fór fram á vettvangi 8. til 11. maí 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla er lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 27. apríl 2017 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, leikskólakennara, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Haft var samband við leikskólafulltrúa á fræðsluskrifstofu Akureyrar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Lundarsel

Leikskólinn Lundarsel Hlíðarenda 4, Akureyri er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja 89 börn. Leikskólinn hóf starfsemi í júlí 1979. Leikskólinn var tveggja deilda fram til 1997 þegar bætt var við þriðju deildinni og fjórða deildin bættist við árið 2013. Aðstaða starfsmanna var bætt árið 2001 þegar hluti kjallarans var tekinn til notkunar fyrir starfsmenn. Börnin í leikskólanum eru á aldrinum tveggja til sex ára. Fjögur börn fá úthlutaðan sérkennslutíma. Sex börn í Lundarseli eiga annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn er opinn frá klukkan 7:45 –16:15

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 25 starfsmenn í alls 18,73 stöðugildum, þar af tveir karlmenn og 23 konur. Leikskólakennarar eru 14 og er hlutfall þeirra af starfsmannahópnum 75,86%. Leikskólinn uppfyllir því ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.³ Við leikskólann starfa auk leikskólakennara, einn iðjuþjálfari, einn leikskóla-liði og einn starfsmaður með stuðningsfulltrúamenntun. Aðrir starfsmenn í starfi með börnum eru ófaglærðir. Matráður er matartæknir. Leikskólastjóri er leikskólakennari með Med-gráðu í menntunarfæðum með áherslu á stjórnun og aðstoðarleikskólastjóri er með leikskólakennaramenntun. Samtals eru þeir í 130% stjórnunarstöðu. Allir deildarstjórar eru með leikskólakennaramenntun. Einn af þeim er með diplómu í stjórnun. Sérkennslustjóri leikskólans er í 50% stjórnunarstöðu. Lítil starfsmanna-velta er í Lundarseli, utan langtímaveikinda þriggja starfsmanna. Margir starfsmenn eru með langan starfsaldur, allt frá þremur til 20 ára. Leikskólastjóri hefur starfað í 15 ár sem leikskólastjóri í Lundarseli.⁴ Vegna langtímaveikinda á þessu skólaári hefur settur aðstoðarleikskólastjóri einnig starfað sem deildarstjóri.

Húsnæði

Lundarsel hýsir fjórar leikskóladeildir í tveim aðskildum húsum. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Upplifun matsaðila var að húsnæði væri þröngt miðað við barnafjölda. Leikskólinn tók þátt í verkefninu *Lækkum hávaða í leikskólum* á árunum 2015-2016 og var niðurstöðum skilað í skýrslu árið 2017.⁵ Í leikskólanum hefur síðan verið unnið að umbótum til að bæta gæði hljóðvistar út frá niðurstöðum skýrslunnar.⁶ Húsið skiptist í fjórar heimastofur auk salernisaðstöðu og fataklefa fyrir hverja deild. Rými er fyrir sérfræðiþjónustu, sem jafnframt er notað til fundahalda og viðtala. Vinnurými er fyrir leikskólastjóra. Leikskólakennarar, starfsmenn, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri deila sameiginlegu undirbúningsherbergi. Setustofa, hreinlætisaðstaða, læstir skápar og sér inngangur með fatahengi er fyrir starfsmenn. Ósamþykkt rými í kjallara er nýtt fyrir skapandi starf og vísindi. Þá er í húsnæðinu framreiðslueldhús og geymslurými fyrir matvæli. Aðstaða er í leikskólanum fyrir hreyfileiki. Fram kom í rýnihópum að starfsmenn eru ósáttir við starfsaðstöðu í leikskólanum, sérstaklega sé erfitt að nýta sama herbergi fyrir sérkennslu, viðtöl og fundi.⁷

Útileiksvæði

Útileiksvæði við húsið er rúmgott og búið góðum leiktækjum. Stærð og hönnun útileiksvæðisins kallar á gott skipulag til að ná góðri yfirsýn yfir barnahópin. Í rýnihópum kom fram ánægja starfsmanna með útileiksvæði. Börn í rýnihóp töluðu um að skemmtilegt væri að leika sér úti og þar væri hægt að fara í allskonar leiki.⁸

3 Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

4 Upplýsingar frá leikskólastjóra

5 Lækkum hávaða í leikskólum.

6 Viðtal við leikskólafulltrúa og leikskólastjóra.

7 Rýnihópar og viðtal við sérkennslustjóra.

8 Rýnihópar leikskólakennara, starfsmanna og barna.

Hugmyndafræði og áherslur

Starfsárið 2016 komu allir starfsmenn Lundarsels að því að endurmeta sameiginleg markmið og einkunnarorð fyrir leikskólann og uppfæra stefnu leikskólans. Foreldraráð kom einnig að vinnu við mótun einkunnarorðanna.⁹ Einkunnarorð leikskólans eru: *Þar sem glaðir spekingar leika og læra saman* og er það jafnframt skilgreind uppeldisstefna leikskólans. Áherslur í leikskólastarfinu eru barnaheimspeki, frjáls leikur, læsi, jafnrétti og SMT-skólafærni (e: *Positive Behavior Support/PBS*). Markviss málörvun er einnig fastur þáttur í leikskólastarfinu. Markmið leikskólans er: *Að vinna sem ein heild í skólasamfélaginu Lundarseli*.¹⁰ Starfsmenn, foreldrar og börn tóku þátt í hugmyndavinnu fyrir merki (lógó) leikskólans.¹¹

Leikskólinn tekur þátt í tveim þróunarverkefnum:

- a) *Hugleikur – samræða til náms*. Markmiðið er að efla starfsmenn í samræðu með börnunum/barnaheimspeki. Umsjón með verkefninu hafa sérfræðingar við Háskóla Akureyrar.
- b) *Rjúfum hefðirnar*. Er jafnréttisverkefni sem Jafnréttisstofa heldur utan um og sinnir eftirfylgni, fræðslu og ráðgjöf við þátttakendur. Þátttakendur ásamt Lundarseli sem taka þátt í verkefninu eru Verkmenntaskólinn á Akureyri, Slippurinn, Öldrunarheimilið Hlíð, Fagfélag hjúkrunarfræðinga og Háskólinn á Akureyri. Markmiðið er að rjúfa hefðirnar varðandi hefðbundin kynjahlutverk.

Árið 2016 fékk leikskólinn samþykki fyrir að vera *Heilsueflandi leikskóli*.¹²

Styrkleikar

- Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð/gildi fyrir leikskólann í samvinnu við foreldra.
- Leikskólinn hefur sett sér markmið.
- Leikskólinn er vel mannaður af leikskólakennurum og uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008.
- Unnið er með ákveðnar áherslur í leikskólastarfinu.
- Útileiksvæði gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Unnið er að þróunarverkefnum í samstarfi við stofnanir utan leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að bæta húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Lundarsels er Akureyrarbær. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðsluráð sem skipað er fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn. Ráðið fer með faglegt og rekstrarlegt eftirlit með starfsemi leikskólans og fylgist með því að skólarnir vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm. Ný skólanefnd fær kynningu á leikskólastarfi Akureyrarbæjar í upphafi hvers starfstímabils. Leikskólastjórar Akureyrarbæjar skiptast á um að vera áheyrnarfulltrúar leikskólanna á fundum skólanefndar og koma á framfæri óskum um úrbætur fyrir leikskólana.¹³ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólafulltrúa á Fræðsluviði Akureyrar hafa ekki komið fram ábendingar eða kvartanir varðandi starfsemi leikskólans Lundarsels.¹⁴ Áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar endurspeglast í starfi leikskólans. Samskipti við sérfræðipjónustu fræðsluviðs eru góð en nokkuð löng bið eftir greiningu barna með sérþarfir.¹⁵

9 Rýnihópur foreldra.

10 Starfamannahandbók Lundarsels, viðtal við leikskólastjóra.

11 Viðtal við leikskólastjóra.¹² Viðtal við leikskólastjóra.

13 Sínaviðtal við leikskólafulltrúa.

14 Heimasíða Akureyrarbæjar og viðtal við leikskólastjóra.

15 Starfamannahandbók og heimasíða Lundarsels.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2010 en endurskoðun hennar hefur verið í vinnslu í nokkur ár. Leikskólinn hefur gefið út veggspjald með megináherslum í starfi leikskólans og er efni þess hluti af innihaldi þeirrar skólanámskrár sem er í vinnslu. Gerð hefur verið starfsáætlun fyrir starfsárið 2016-2017. Starfsmannahandbók er í leikskólanum sem hefur að geyma ítarlegar upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fyrir liggja samræmdir verkferlar vegna slysa og starfsmenn fá reglulega fræðslu um skyndihjálp. Reglur um áfallahjálp, eftirlit með öryggi og forvarnarstefna gegn einelti eru til í leikskólanum sem og reglur um slysaskráningu. Öll slys eru skráð á þar til gerð eyðublöð. Leikskólinn býr yfir rýmingaráætlun vegna bruna, sem er sýnileg á öllum deildum. Árlega er haldin rýmingaræfing í leikskólanum og framkvæmd æfingarinnar metin árlega. Áætlun er til um upphaf leikskólagöngu barna. Jafnréttisstefna Lundarsels liggur fyrir frá árinu 2015 en einnig tekur leikskólinn mið af jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar.¹⁶ Leikskólinn byggir starf sitt á hugmyndum og aðferðum um lærdómssamfélagið (e: Professional Learning Community) ásamt öðrum skólum Akureyrarbæjar.¹⁷

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi leikskólans mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Fundir stjórnunarteymis eru hálfsmánaðarlega. Skrifaðar eru fundargerðir á öllum fundum stjórnunarteymisins og þær sendar til starfsfólks með tölvupósti auk þess sem útprentað eintak liggur frammi á kaffistofu. Alla morgna eru upplýsingafundir sem notaðir eru til að skipuleggja daginn í leikskólanum og koma á framfæri upplýsingum. Upplýsingaflæði innan leikskólans er að sögn starfsmanna yfirleitt gott. Upplýsingum er komið á framfæri með tölvupósti, á upplýsingatöflu og útprentuðum gögnum á kaffistofu. Til er skráð verkaskipting milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Deildarstjórar skipuleggja störf á deildum og hópstjórar skipuleggja vinnu sinna hópa. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið. Starfsmannafundir eru samtals 48 tímar á ári. Náms- og skipulagsdagar eru fjórir á ári. Deildarfundir eru á þriggja vikna fresti. Hluti starfsmannafunda er að auki notaður fyrir deildarfundir. Starfsdagar og starfsmannafundir eru nýttir til umræðu um faglegt starf í leikskólanum, fræðslu og námsferða. Fundargerðir allra funda eru skráðar og sendar til alls starfsfólks.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda og farið er eftir verkferlum frá Akureyrarbæ. Allir starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram.¹⁸ Ferill um móttöku nýrra starfsmanna er í starfsmannahandbók.¹⁹

Starfsmenn eru áhugasamir um að sækja sér endurmenntun. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að langt sé að sækja símenntun á höfuðborgarsvæðið og fjármagn sem veitt er til þess frá stéttarfélagi sé takmarkað. Akureyrarbær býður upp á margskonar fræðslu fyrir leikskólakennara svo sem um lærdómssamfélagið, læsiskennslu og Hljóm-2. Síðastliðinn vetur var boðið upp á kynningu fyrir deildarstjóra um markþjálfun.²⁰ Leikskólastjóri gerir árlega símenntunaráætlun fyrir leikskólann í samráði við starfsmenn. Leikskólakennarar fá lögbundinn undirbúningstíma vikulega og starfsmenn sem eru hópstjórar fá tvo undirbúningstíma á viku. Aðrir starfsmenn fá einn til tvo undirbúningstíma á viku.²¹

Fagleg forysta

Leikskólastjóri fer daglega inn á deildir til að heilsa upp á börn og starfsmenn en ekki í þeim tilgangi að fylgjast með námi og starfi og veita endurgjöf. Deildarstjórar fylgjast óformlega með sínum starfsmönnum og leiðbeina þeim eftir þörfum. Formlegt mat á starfsemi deilda er unnið árlega af dag-gæsluráðgjafa á Fræðsluviði.²² Leikskólastjóri segist reyna að hrósa starfsfólkinu fyrir vel unnin störf en telur að hann mætti gera meira af því. Í upplýsingum frá leikskólastjóra kom fram að í niðurstöðum könnunar Akureyrarbæjar, sem ekki hafa verið birtar, komu ábendingar frá starfsmönnum um að þessi þáttur mætti almennt vera meiri hjá öllu starfsfólki.²³ Starfsmenn voru almennt ánægðir með leikskólastjóran en bentu þó á að hann mætti vera meira afgerandi þegar taka þarf á erfiðum málum.

16 Viðtal við leikskólastjóra.

17 Viðtal við leikskólastjóra.

18 Starfsmannahandbók Lundarsels.

19 Starfsmannahandbók Lundarsels.

20 Rýnihópur deildarstjóra.

21 Starfsmannahandbók Lundarsels,

viðtal við leikskólastjóra og rýnihópa.

22 Rýnihópur deildarstjóra.

23 Viðtal við leikskólastjóra.

Í niðurstöðum Skólapúlsins frá mars 2016 kemur fram að ánægja með stjórnun leikskólans er í kringummeðaltal, sé miðað við aðra leikskóla sem taka þátt í könnuninni.²⁴

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann lítur á sig sem lýðræðislegan stjórnanda sem reynir að hafa sem flesta með í ráðum þó endanleg ákvörðun sé alltaf hans. Hann segist hlusta á hugmyndir starfsmanna og leggur áherslu á að fólk taki ábyrgð á ákvörðunum sínum. Fram kom að leikskólastjóri hefur tekið þátt í fræðslu fyrir stjórnendur á vegum Akureyrarbæjar og í framhaldi af því hafi orðið til gott lærdómssamfélag stjórnenda sem er mikill stuðningur fyrir hann. Leikskólastjóri tekur árlega starfsþróunarsamtöl við stjórnendur en deildarstjórar taka starfsþróunarsamtöl við starfsfólk deilda. Á síðastliðnu ári tók leikskólastjóri stutt viðtal við flesta starfsmenn leikskólans.²⁵ Notað er staðlað form fyrir starfsþróunarsamtöl í leikskólanum.²⁶ Aðspurðir sögðust deildarstjórar hrósa starfsfólki fyrir störf þeirra og nefndu að þeir hefðu sótt námskeið hjá Akureyrarbæ til að þjálfra sig í að hrósa samstarfsfólkinu. Þeir sögðu einnig að SMT-vinnan nýttist þeim vel varðandi þennan þátt. Deildarstjórar telja það sitt hlutverk að leiðbeina starfsmönnum á deildunum, sérstaklega ef ræða þarf eitthvað sem betur má fara. Þeir sögðu leikskólann búa að því að þar starfi margir góðir eldri starfsmenn með mikla þekkingu sem nýttist vel fyrir alla.²⁷ Á Lundarseli er skrifstofa leikskólastjóra staðsett á gangi við hlið eldhúss sem gerir hann ekki vel aðgengilegan fyrir börnin og dregur úr sýnileika hans fyrir foreldra. Starfsmenn sögðu gott aðgengi að leikskólastjóra.²⁸

Starfsandi og starfsánægja

Starfsmanna- og stjórnunarstefna leikskólans er frá 2017 og komu allir starfsmenn að gerð hennar. Starfsmenn eru stoltir af leikskólastarfinu og hafa trú á gæðum þess. Samvirkusemi og metnaður einkennir vinnu hópsins. Ekki hefur verið mikið um fjarvistir síðustu mánuði fyrir utan langtímaveikindi. Í rýnihópum komu fram ábendingar um hugsanlegt einelti í leikskólanum en að öðru leyti væri nokkuð góð samheldni í hópnum. Almennt sögðu starfsmenn leikskólans að þeim liði vel í vinnunni og samvinna væri góð.²⁹ Í niðurstöðu Skólapúlsins frá mars 2016 er starfsánægja í leikskólanum rétt undir landsmeðaltali.³⁰

Í rýnihópum kom fram að almennt töldu starfsmenn störf sín metin og hæfni sína nýttast vel í starfi. Starfsmenn deila þekkingu sín á milli og vel er tekið í nýjar hugmyndir. Vinnan í Lærdómssamfélaginu og SMT hjálpar til við að bæta samstarf og starfsánægju. Deildarstjórar sögðust fá hrós frá samstarfsfólki og foreldrum.³¹ Í rýnihópum leikskólakennara og starfsmanna komu fram mismunandi viðhorf. Hluti þeirra sagði starfsandann góðan og að traust og virðing væri einkennandi í samskiptum. Aðrir töldu ekki jafnræði og traust í hópnum að öllu leyti og ekki væri alltaf borin virðing fyrir ólíkum skoðunum.³² Leikskólastjóri taldi að samstarf innan leikskólans færi batnandi og vinna við að byggja upp góð samskipti og verklagsreglur um ágreining væri að skila sér.³³

Eitt og annað hefur verið gert til að byggja upp góðan starfsanda; til dæmis hittast starfsmenn utan vinnutíma á árhátíð og vorhátíð og kökudagur er einu sinni í mánuði. Samkvæmt upplýsingum frá leikskólafulltrúa Fræðsluviðs hafa starfsmannamál leikskólans verið í góðu lagi utan erfiðleika vegna langtímaveikinda. Starfsmannavandamál sem upp hafi komið í leikskólanum hafi verið verið leyst farsælllega.³⁴ Í óbirtri könnun Akureyrarbæjar á líðan og heilsu starfsmanna frá 2017 er heildarniðurstaða Lundarsels góð varðandi þessa þætti.³⁵

Styrkleikar

- Áherslur í skólafélaginu Akureyrarbæjar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Leikskólastjóri er þátttakandi í skipulegu samstarfi leikskólastjóra Akureyrarbæjar og fræðslunefndar bæjarins.
- Góð samvinna er við skólafélög Akureyrarbæjar.

24 Gögn frá leikskólastjóra.

25 Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

26 Gögn frá leikskólastjóra.

27 Rýnihópur deildarstjóra.

28 Rýnihópur starfsmanna.

29 Rýnihópar.

30 Gögn frá leikskólastjóra.

31 Rýnihópur deildarstjóra.

32 Rýnihópur leikskólakennara.

33 Viðtal við leikskólastjóra.

34 Símanviðtal við leikskólafulltrúa.

35 Gögn frá leikskólastjóra.

- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Lögbundnar áætlanir liggja fyrir um viðbrögð við áföllum, vegna öryggismála og um upphaf leikskólagöngu barna.
- Mótuð hefur verið jafnréttisstefna sem tekur mið af jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar.
- Skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann er til og verkaskipting stjórnenda er skráð.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.

Tækifæri til umbóta

- Leggja þarf áherslu á að ljúka við gerð skólanámskrár sem tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 og birta á heimasíðu leikskólans.
- Birta ætti árlega starfsáætlun á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt er að auka yfirsýn leikskólastjóra með því að hann taki árlegt starfspóunarsamtal við alla starfsmenn.
- Áfram þarf að leita leiða til að vinna úr erfiðum samskiptum milli einstakra starfsmanna.
- Áfram þarf að byggja upp góðan starfsanda þar sem ríkir traust og virðing.
- Æskilegt er að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Leikfangakostur innanhúss er sæmilega fjölbreyttur en mikið af honum er orðið gamalt og þarfnast sumt endurnýjunar. Leikfangakostur leikskólans virðist höfða til áhugasviða barnanna en mætti endurspegla betur margbreytileika barnahópsins. Bækur liggja frammi á öllum deildum. Efniviður fyrir skapandi starf er sýnilegur á elstu deild er minna sýnilegur á yngri deildum og ekki aðgengilegur fyrir börnin. Einingarkubbum er dreift á allar deildir í litlum einingum. Í rýnihópi barna kom fram að þau eru ánægð með leikefni leikskólans.³⁶ Til er mikið af stuðningsefni við kennslu sem hefur verið útbúið í leikskólanum og er það aðgengilegt öllu starfsfólki.

Dagskipulag er ekki eins á öllum deildunum en samkvæmt upplýsingum frá deildarstjórum er dagskipulag unnið út frá sameiginlegum grunni sem er aðlagður á hverju hausti út frá aldursblöndun á deildum. Dagskipulagið er endurskoðað um áramót og breytt ef með þarf.³⁷ Dagurinn skiptist í frjálsan leik, hópastarf og útivist og vettvangsferðir. Opnunartími, hádegisverður og síðdegishressing er á sama tíma á öllum deildum. Útivera er alla daga fyrir eða eftir hádegi, mismunandi eftir deildum. Verkefni í hópastarfi taka breytingum frá ári til árs.³⁸ Unnið er með markvissa málörvun yfir allt skólaárið á öllum deildum leikskólans. Í frjálsum leik (kallað leikflæði í leikskólanum) er boðið upp á ýmis viðfangsefni. Formlegt samstarf er í leikskólanum einu sinni í viku þegar opið er milli deilda fyrir börn og starfsmenn. Auk þess vinna kennarar saman út frá árgangaskiptingu barnahópsins. Sameiginlegt rými í leikskólanum er salur og starfsmenn nýta ósamþykkt rými í kjallara hússins til listsköpunar og vísinda. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að unnið er að því að samræma starfsaðferðir og skipulag í leikskólanum. Fram að þessu hefur verið talað um deildarbrag en nú er stefnt að því að skapa skólabrag og koma allir starfsmenn að þessari vinnu.³⁹

36 Rýnihópur barna.

37 Rýnihópur deildarstjóra.

38 Rýnihópur deildarstjóra.

39 Viðtali við leikskólastjóra.

Starfshættir

Deildarstjórar sjá um heildarskipulag uppeldis- og menntastarfs á öllum deildum. Hópstjórar skipuleggja og vinna hver með sinn hóp, fylgjast með náms- og þroskaframförum barnanna og sjá um foreldravíðtöl. Samstarf og samábyrgð starfsmanna á deildum er sýnilegt. Fram kom í öllum rýnihópum að yfirleitt er samstarf innan deilda gott. Starfsmenn sögðust vera stoltir af því starfi sem unnið er með börnunum.⁴⁰

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Lýðræðisleg þátttaka barna í leikskólastarfinu er ekki með nægilega markvissum hætti. Í starfsmanna- og stjórnunarstefnu leikskólans segir að skapa eigi börnum og foreldrum tækifæri til þátttöku í ákvörðun sem varðar starf leikskólans.⁴¹ Í rýnihópum kom fram að börnin koma ekki að stærri ákvörðunum í leikskólanum. Á öllum deildum hafa börnin val um verkefni í frjálsum leik og útiveru. Á öllum deildum geta börnin skipt um viðfangsefni í leik en þó innan skynsamlegra marka. Á yngstu deild er í upphafi skólaársins lögð áhersla á að kenna börnunum að leika sér saman en þegar líður á veturinn eykst sjálf-ræði barnanna í leiknum. Skipulag hópstarfs er mismunandi eftir deildum og mismunandi hversu mikil áhrif börn hafa á verkefni. Hópstjórar á yngstu deild leggja upp verkefni í hópstarfi en fylgjast með því hvað höfðar til barnanna og reyna að aðlaga verkefni að áhugasviði þeirra. Í hópstarfi á miðdeildum eru hópstjórar að hluta til með skipulögð verkefni sem þeir fylgja yfir veturinn. Á elstu deild hafa börnin meiri áhrif en þó mismunandi eftir því hvaða verkefni þau eru að vinna. Á elstu og yngstu deild er lögð áhersla á að nýta mannauð deildanna með því að skipuleggja hópa út frá sérþekkingu starfsmanna svo sem málörvun og skapandi starf fyrir öll börn á deildunum.⁴² Börnin svöruðu aðspurð að þau fái að velja hvað þau leika með en þurfi að biðja um að fá að vera í heimiliskrök, tölvu og einingarkubbum. Börnin sögðu kennarann ráða því hvað er gert í hópstarfi en stundum fái þau ráða hvert er farið í strætóferðir. Börnin tóku fram að þau fái ekki að ráða hvað er í matinn.⁴³ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra koma börnin ekki að matseðlagerð þar sem sameiginlegir matseðlar eru gerðir fyrir alla leikskóla Akureyrarbæjar.⁴⁴

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur að unnið sé með lýðræði barna að vissu marki og nefndi sem dæmi að í SMT-verkefninu fái börnin að kjósa úr eigin tillögum hvað þau fá í umbun. Börnin séu árlega spurð um hvað þeim finnst skemmtilegt í leikskólanum og að einhverju leyti sé reynt að taka tillit til óska þeirra þegar næsta starfsár er skipulagt. Að sögn leikskólastjóra hafa starfsmenn skoðað hverju lærdómssamfélagið skilar til barnanna og komist að þeirri niðurstöðu að vinna þurfi betur með barnalýðræðið í leikskólanum.⁴⁵ Deildarstjórar nefndu einnig að rætt hafi verið í starfsmannahópnum að auka þurfi aðkomu barna að ákvarðanatöku.⁴⁶ Ekki var fullur samhljómur í umræðu rýnihópa um hversu mikil áhrif börnin hafa á umhverfi sitt og verkefni. Að mati starfsmanna geta börnin aðeins haft áhrif á val í frjálsum leik og útiveru en ekki í hópstarfi og samverustundum.⁴⁷

Námssvið

Í gögnum sem unnin hafa verið af starfsfólki í tengslum við endurskoðun skólanámskrár eru hugmyndir að markmiðum og leiðum fyrir námssviðin. Settar hafa verið fram áherslur um vinnu með læsi.⁴⁸ Að sögn leikskólakennara er unnið með stafakennslu meðal annars með verkefninu *Lubbi fann málbein*. Í leikskólanum er ritmál nokkuð sýnilegt og í augnhæð barnanna. Lesið er fyrir börnin í samverustundum. Bækur eru frammi á öllum deildum en ekki vel sýnilegar fyrir börnin. Ekki var sýnilegt að mikið væri unnið með frásagnir barna í tengslum við sögu- eða ljóðagerð. Samkvæmt umræðu í rýnihópi leikskólakennara er heimspekin rauði þráðurinn í starfi leikskólans. Í heimspeki þjálfast börnin í að tjá hugmyndir sínar, rökstyðja mál sitt og ræða saman.⁴⁹ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir telja að ekki sé unnið markvisst að því að fá börnin til að segja frá en hópstarfið sé notað til umræðu og einnig eru matartímar notaðir til að spjalla við börnin.⁵⁰ Á eldri deildum er unnið með *póstkassa* sem í er safnað bréfum sem foreldrar og börn hafa skrifað heima. Í samverustundum lesa kennarar bréfin en börnin útskýra myndir ef um þær er að ræða. Á yngstu deild er bangsi sem fer heim með börnunum, foreldrar skrifa lýsingu á heimsókninni í bók sem fylgir bangsanum. Lesið er upp úr bókinni

40 Rýnihópar.

41 Starfsmannahandbók Lundarsels.

42 Rýnihópar.

43 Rýnihópur barna.

44 Upplýsingar frá leikskólastjóra.

45 Viðtal við leikskólastjóra.

46 Rýnihópur deildarstjóra.

47 Rýnihópur starfsmanna.

48 Gögn frá leikskólastjóra.

49 Rýnihópur leikskólakennara.

50 Rýnihópar leikskólakennara og starfsmanna.

í samverustund og börnin hvött til að segja frá.⁵¹ Samkvæmt upplýsingum starfsmanna er unnið að eflingu sjálfsmýndar barnanna í samverustundum, til dæmis eru börnin látin kynna sig með nafni og segja í hverju þau séu góð.⁵²

Unnið er markvisst með heilbrigði og vellíðan í leikskólanum. Mikið er um hreyfingu í útiveru og vettvangsferðum, elstu börnin fara vikulega í íþróttahús grunnskólans og þriggja til fjögurra ára börn mánadaglega. Myndsköpun er ekki mikið sýnileg í leikskólanum en samkvæmt upplýsingum frá deildarstjórum var unnið sameiginlegt listaverk fyrir listsýningu barna í Ketilhúsinu og fyrir vorhátíð gerðu börn sína eigin búninga og kórónur.⁵³ Vísindastarf er lítið sýnilegt í leikskólanum utan tölustafir í augnhæð barnanna en starfsmenn sýndu matsmönnum aðstöðu í ósamþykktum kjallara sem notuð er til listsköpunar og vísindastarfs. Vinna með tónlist er í formi söngs og í sal skólans hafa börnin aðgengi að hljóðfærum. Að sögn deildarstjóra er leikskólinn að hefja samstarf við tónlistarskóla Akureyrar.⁵⁴ Í vetur hefur verið boðið upp á dansnámskeið fyrir öll börn í leikskólanum á vegum foreldrafélagsins.

Leikskólinn er með umhverfisáætlun. Allur úrgangur er flokkaður með þátttöku barnanna. Úrgangur er settur í tunnur fyrir lífrænan úrgang, plast og pappír. Það sem ekki fer í tunnur er farið með í flokkunarstöð. Leikskólinn leigir matjurtagarð þar sem börnin rækta kartöflur og grænmeti. Í leikskólanum er umhverfisteymi sem skipuleggur vinnu með umhverfismennt.⁵⁵

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum var afslappað og einkennist oftast af virðingu fyrir börnunum. Reglur SMT voru sýnilegar um allan leikskólann og eru æfðar reglulega með börnunum. Mismunandi er eftir deildum hversu mikil áhersla er lögð á aga en skráðar reglur í leikskólanum tengjast SMT vinnunni. Aðspurð sögðu börnin að fullt væri af reglum í leikskólanum svo sem að bannað væri að meiða og klípa. Þau sögðu að kennararnir hafi búið til reglurnar og stundum sé erfitt að fara eftir þeim.⁵⁶

Starfsmenn leitast við að sjá til þess að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Foreldrar bentu á að leggja mætti meiri áherslu á góða móttöku barna þegar þau mæta í leikskólann á morgnana og nefndu að það færi eftir því hver tæki á móti börnunum hversu tilbúin þau væru að verða eftir. Foreldrar sögðu að börnunum liði vel í leikskólanum og væru almennt glöð að mæta.⁵⁷ Í vettvangsskoðun sáu matsmenn hvernig börnin voru hvött til sjálfshjálpar við daglegar athafnir. Matsmenn sáu áhugasöm og glöð börn og almennt var ekki mikið um árekstra innan hópsins.

Mat á námi og velferð barna

HLJÓM 2 er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna og er lagt fyrir árlega. TRAS (n: Tidig registrering af sprákuþvikling) er notað til að fylgjast með máltöku þeirra barna sem talin eru í þörf fyrir það. Fyrir árleg foreldraviðtöl fylla hópstjórar út þroskalýsingu fyrir hvert barn. Staðlaður listi um þroskalýsingar er notaður í öllum leikskólum Akureyrarbæjar og notar Lundarsel hann sem grunn en hefur aðlagð að starfsemi leikskólans. Þar er skoðaður: fin- og grófhreyfiproski, málþroski, vitsmunaproski, samskipti og samvinna, félags- og tilfinninga- þroski, sjálfshjálpar, þátttaka og leikur, leikfangaval, félagaval/bestu vinir, matartíminn/matarvenjur og útivera. Þessir matslistar eru vistaðir í Mentor svo að unnt sé að fylgjast með framförum barna frá ári til árs. Í foreldraviðtölum er gert ráð fyrir að þeir svari nokkrum spurningum um barnið svo sem um líðan þess í leikskólanum og samskipti þeirra við leikskólann. Börn koma ekki að þessu mati. Ekki fara fram skipulagðar uppeldislegar skráningar í leikskólanum. Eitthvað er um að notaðar séu ljósmyndir af börnum í leik og starfi til að skýra starf og framfarir barna. Börnin eiga sér sína ferilmöppu og segir í efnisyfirliti hennar að gera skuli skráningar um hvert barn. Samkvæmt gögnum frá leikskólastjóra eiga hópstjórar að hafa þá starfsreglu að setja tvær heimspekiskráningar í ferilmöppu barnanna.⁵⁸ Á vettvangi sáu matsmenn að þessum þætti var ekki framfylgt á öllum deildum.

51 Rýnihópur starfsmanna.

52 Rýnihópur starfsmanna.

53 Rýnihópur deildarstjóra.

54 Rýnihópur deildarstjóra.

55 Starfsmannahandbók og upplýsingar frá leikskólastjóra.

56 Rýnihópur barna.

57 Rýnihópur foreldra.

58 Gögn frá leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Unnið er með læsi í leikskólanum í tengslum við læsisstefnu Akureyrarbæjar.
- Dagskipulag er endurskoðað reglulega miðað við þroska og þarfir barna.
- Unnið er markvisst að málörvun.
- Sameiginlegt stuðningsefni við kennslu er aðgengilegt öllu starfsfólki.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera umhyggju fyrir börnunum.
- Unnið er markvisst með SMT.
- Unnið er að flokkun og ræktun grænmetis.

Tækifæri til umbóta

- Áfram þarf að vinna að aukinni samræmingu í fagstarfi leikskólans.
- Æskilegt væri að rýna leikfangakost og efnivið leikskólans, hvernig hann dreifist um leikskólann og hvort hann er aðgengilegur fyrir börnin.
- Gera mætti listsköpun og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Leita ætti leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna.
- Samræma ætti notkun skráninga í tengslum við ferilmöppur barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og fundar reglulega með leikskólastjóra. Foreldraráð les yfir starfsáætlanir og leitað er eftir álit þess ef um stærri breytingar er að ræða í leikskólanum. Foreldrafélag er einnig starfandi í leikskólanum og í góðu samstarfi við hann. Foreldrafélagið tekur þátt í að styrkja leikskólann vegna árlegra verkefna, s.s. jólaföndurs og vorhátíðar. Upplýsingum um leikskólastarfið er komið til foreldra á upplýsingatöflum við deildir, á heimasíðu leikskólans og með tölvupósti. Einnig er leikskólinn með lokaða fésbókarsíðu (facebook). Foreldrahandbók var gefin út fyrir árið 2016-2017 og í henni eru upplýsingar um uppeldisstarfið, foreldrasamstarf, stjórnun og ráðgjöf, starfsfólk og fleira. Foreldrar sögðust ekki nota heimasíðu leikskólans nema í undantekningartilfellum.⁵⁹ Að sögn leikskólastjóra eru allir foreldrar boðaðir í kynningarsamtal við upphaf leikskólagöngu barnanna. Á foreldrafundum er kynning á leikskólastarfinu og leikskólastjóri tekur þátt í kynningarfundum á deildum að hausti.⁶⁰

Viðhorf foreldra

Foreldrar í rýnihópi voru í heildina jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsmenn hans. Þeir voru sammála um að aðgengi að leikskólastjóra væri ekki gott og hann væri ekki vel sýnilegur en tóku fram að leikskólastjóri svaraði fljótt öllum tölvupóstum og brygðist almennt jákvætt við óskum þeirra. Þeir sögðu að starfsmenn væru almennt í góðum samskiptum við börnin og væri umhugað um velferð þeirra. Foreldrar þekkja einkunnarorð leikskólans og telja þau vera sýnileg í leikskólastarfinu. Foreldrar nefndu að áhrif af uppeldisstarfi leikskólans bærust heim með börnunum. Í því sambandi nefndu þeir jákvæða umbun sem tengist SMT og heimspekiumræðu barnanna. Þeir segja að upplýsingagjöf frá leikskólanum hafi batnað og voru almennt ánægðir með það. Þeir bentu þó á að að stundum vantaði upp á nægar upplýsingar varðandi breytingar á leikskólastarfinu og nefndu þar sem dæmi breyttar áherslur í mataræði leikskólans. Foreldrar bentu einnig á að bæta þyrfti heimasíðu leikskólans. Ekki voru allir foreldrar í rýnihópnum á einu máli um að kennarar bregðist við óskum og ábendingum foreldra. Foreldrar töluðu um mismun milli deilda hvað þetta varðar og nefndu dæmi um að börn væru þvinguð til að smakka og eða borða mat.

59 Rýnihópur foreldra.

60 Gögn frá leikskólastjóra.

Þátttaka foreldra á viðburðum er að þeirra mati góð og nefndu sem dæmi að deildir skipta með sér umsjón á ákveðnum verkefnum varðandi vorhátíð leikskólans. Foreldrar voru sammála um að þau væru ekki hvött sérstaklega til þátttöku í leikskólastarfinu en segja samt að foreldrar séu alltaf velkomnir inn á deildir.⁶¹

Samstarf við grunnskóla

Leikskólinn er í formlegu samstarfi við Lundarskóla um aðlögun barna á milli skólastiga og árlega er gerð samstarfsáætlun milli skólanna. Kennarar elstu barnanna í Lundarseli og yngstu nemendanna í Lundarskóla hittast um það bil fjórum sinnum á ári til að kynnast og samræma starfsaðferðir skólanna. Á síðasta fundi skólaársins er samstarfið metið. Skólaleikur er nýtt samstarfsverkefni milli leik- og grunnskóla. Í ágúst er börnum leikskólans boðið að fara í skólaleik í Lundarskóla og er markmiðið er að auðvelda þeim að hefja nám í grunnskólanum. Þennan tíma eru leikskólabörnin í grunnskólanum undir stjórn leikskólakennara.⁶²

Annað samstarf

Nærsamfélagið á Akureyri er mjög opið fyrir samstarfi við leikskólann. Samstarfssamningur er við dvalar- og hjúkrunarheimilið Hlíð. Börnin heimsækja íbúa dvalarheimilisins, spila og þiggja nónhressingu með þeim í þessum heimsóknum. Eldri borgarar koma árlega og horfa á forsýningu að leikriti barnanna fyrir vorhátíð Lundarsels. Leikskólinn er í samstarfi við slökkviliðið um verkefnið Gló og Logi ásamt öðrum leikskólum Akureyrar. Samstarf er við listamenn í bænum, Verkmenntaskólann og Jafnréttisstofu. Leikskólinn er að hefja samstarf við tónlistarskóla bæjarins.

Styrkleikar

- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er það í góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar þekkja stefnu og einkunnarorð leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og starfsemi.
- Foreldrar eru ánægðir með daglega upplýsingagjöf frá leikskólanum.
- Skipulagt og gott samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla.
- Gerð hefur verið handbók fyrir foreldra.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að taka upp samræðu við foreldra um móttöku barna.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Koma þarf betur til móts við óskir og ábendingar frá foreldrum um sérstakar þarfir barnanna.

Skóli án aðgreiningar

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Ekki er til stefna fyrir sérkennslu í leikskólanum en í starfsmannahandbók eru skráðar verklagsreglur varðandi sérkennslu. Að sögn leikskólastjóra er í undirbúningi að vinna sameiginlega stefnu fyrir sérkennslu í leikskólum Akureyrar.

61 Rýnihópur foreldra.

62 Gögn frá leikskólastjóra.

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem er menntaður leikskólakennari. Hann ber ábyrgð á skipulagi sérkennslu, samskiptum við greiningaraðila og býr til einstaklingsáætlanir fyrir börn sem njóta sérkennslu. Erfiðlega hefur gengið að fá foreldra að gerð einstaklingsáætlana en þær eru alltaf unnar með samþykki þeirra og hvert foreldri fer yfir áætlun síns barns.⁶³ Teymi er myndað um börn sem eru með formlega greiningu. Í teyminu eru: sérkennslustjóri, fulltrúi frá skólaþjónustu og stuðningsaðili barnsins. Teymisfundir eru á fimm vikna fresti. Leikskólinn leitar til sérfræðipjónustu Fræðslusviðs Akureyrarbæjar vegna barna sem þarfnast sérstaks stuðnings. Stuðningsaðilar fyrir börn með greiningu vinna með þau inni í barnahópnum og einstaklingslega þegar þess gerist þörf. Málörvun fer fram í hópstarfi á deildum. Einnig vinnur sérkennslustjóri með börn í málörvunarhópum. Upplysingum um einstaklingsáætlanir er miðlað til deildarstjóra og eiga allir starfsmenn á deildinni að þekkja til þeirra. Alltaf er rætt við foreldra áður en erindi er sent til sálfræðings eða talmeinafræðings og umsóknareyðublöð eru alltaf undirrituð af foreldrum.⁶⁴

Börn með annað móðurmál en íslensku

Akureyrarbær hefur mótað stefnu fyrir grunnskóla um íslensku sem annað mál.⁶⁵ Leikskólinn hefur ekki mótaða stefnu varðandi börn með annað móðurmál en íslensku. Leikskólinn getur kallað til túlk í foreldraviðtölum og er það gert þegar með þarf. Ekki er unnið markvisst með fjölbreytileikann í barnahópnum og heimameningu barnanna. Að sögn leikskólustjóra er eitthvað um að tungumál barnanna sé gert sýnilegt og eitthvað reynt að syngja með börnunum á þeirra tungumáli. Ekki urðu matsmenn varir við þetta.

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og er skipulag sérkennslu á hans ábyrgð.
- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn þekki aðstæður sérkennslubarna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Vel er unnið með málörvun barna með slaka málvitund.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að skoða hvernig betur má vinna með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Leikskólinn nýttir sér foreldra- og starfsmannakannanir Skólapúlsins. Árlega fer fram samræðumat starfsmanna og í rýnihópi deildarstjóra kom fram að það sé meðal annars unnið út frá fundargerðum deildarfunda. Hjá deildarstjórum kom einnig fram að allar deildir skila árlega til leikskólustjóra skriflegu endurmati sem unnið er á deildarfundum. Akureyrarbær gerir reglulega starfsmannakönnun. Daggæsluráðgjafi Fræðslusviðs Akureyrar metur árlega fagstarf á deildum leikskólans og gefur endurgjöf. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að innra mat sé reglulega unnið í tengslum við SMT vinnuna.⁶⁶ Innan leikskólans starfa nokkrar nefndir: heilsueflyingarnefnd innan starfsmannahópsins, heimspeki-nefnd, umhverfisnefnd og læsisnefnd. Hver nefnd er nokkurs konar matsnefnd, nefndirnar skila fundargerðum sem eru nýttar í samræðumat að vori. Í starfsmannahandbók er vísir að áætlun um innra mat fyrir skólaárið en ekki liggur fyrir matsáætlun til lengri tíma og því ekki sýnilegt hve kerfisbundið matið er. Settar eru fram eftirtaldir áherslur fyrir innra mat í starfsmannahandbók sem vinna skal á skólaárinu: „Starfsmenn deildarinnar, dagskipulag, heimspeki, jafnrétti, SMT skólafærni og hreyfing.“⁶⁷ Að sögn leikskólakennara í rýnihópi starfar ekkert matsteymi við skólann og í viðtali við leikskólustjóra staðfesti hann að skipulag innra mats er fyrst og fremst í hans höndum.⁶⁸

63 Viðtal við sérkennslustjóra.

64 Viðtal við sérkennslustjóra.

65 Heimasíða Akureyrarbæjar.

66 Rýnihópur starfsmanna.

67 Starfsmannahandbók Lundarsels.

68 Viðtal við leikskólustjóra.

Mat á framförum barnanna fer fram reglulega en niðurstöður eru ekki greindar fyrir barnahópin í heild sinni. Börnin koma ekki formlega að innra mati leikskólans. Gerð er grein fyrir innra mati í ársskýrslu leikskólans og bent á nokkra þætti sem þarfnast umbóta en ekki eru dregnir fram sérstaklega styrkleikar og veikleikar leikskólans út frá niðurstöðum. Ársskýrslan er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Umbótaáætlun er almennt ekki gerð en að sögn leikskólastjóra kallaði Fræðslusviðið árið 2015 eftir umbótaáætlun í tengslum við mat á skólavali og starfsmannakönnun. Umbótaáætlunin er skrifuð í samfelldri greinargerð þar sem fjallað er jöfnum höndum um niðurstöður sem kalla á umbætur og gerð grein fyrir hvernig unnið verði að þeim.

Styrkleikar

- Leikskólinn nýtir Skólapúlsinn fyrir foreldra- og starfsmannakannanir.
- Samræðumat fer fram í lok hvers skólaárs.
- Árlega skila deildarstjórar skriflegu endurmati á starfi deilda.
- Daggæsluráðgjafi Fræðslusviðs kemur árlega í leikskólann til að meta fagstarfið.
- SMT er metið reglulega og skráð.
- Gerð er grein fyrir innra mati í ársskýrslu og í starfsmannahandbók leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Innra mat leikskólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun.
- Gera þarf ítarlegri matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila.
- Leita ætti til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið barna.
- Greina þarf niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og gera skriflega greinargerð.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta á árangurinn.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **rautt** – Mikil umbótþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi í leikskólanum Lundarseli: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Starfsmenn hafa sameinast um einkunnarorð/gildi fyrir leikskólann í samvinnu við foreldra.
- Leikskólinn hefur sett sér markmið.
- Leikskólinn er vel mannaður af leikskólakennurum og uppfyllir ákvæði laga nr. 87/2008.
- Unnið er með ákveðnar áherslur í leikskólastarfinu.
- Útileiksvæði gefur möguleika á þroskaeflandi leikjum og verkefnum.
- Unnið er að þróunarverkefnum í samstarfi við stofnanir utan leikskólans.
- Áherslur í skólastefnu Akureyrarbæjar endurspeglast í starfi leikskólans.
- Leikskólastjóri er þátttakandi í skipulegu samstarfi leikskólastjóra Akureyrarbæjar og fræðslunefndar bæjarins.
- Góð samvinna er við skólaláþjónustu Akureyrarbæjar.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Lögbundnar áætlanir liggja fyrir um viðbrögð við áföllum, vegna öryggismála og um upphaf leikskólagöngu barna.
- Mótuð hefur verið jafnréttisstefna í samræmi við stefnu Akureyrarbæjar.
- Skipurit með starfslýsingum fyrir leikskólann er til og verkaskipting stjórnenda er skráð.
- Upplýsingaflæði innan leikskólans er gott.
- Starfsmenn fá tækifæri og svigrúm til símenntunar.
- Starfsmenn hafa trú á gæðum leikskólastarfsins og eru stoltir af starfi sínu.
- Unnið er með læsi í leikskólanum í tengslum við læsisstefnu Akureyrarbæjar.
- Dagskipulag er endurskoðað reglulega miðað við þroska og þarfir barna.
- Unnið er markvisst að málörvun.
- Vel er unnið með málörvun barna með slaka málvitund.
- Sameiginlegt stuðningsefni við kennslu er aðgengilegt öllu starfsfólki.
- Starfsmenn eru stoltir af starfi sínu og bera umhyggju fyrir börnunum.
- Unnið er markvisst með SMT.
- Unnið er að flokkun og ræktun grænmetis.

- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er það í góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn og styður vel við leikskólastarfið.
- Foreldrar þekkja stefnu og einkunnarorð leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með daglega upplýsingagjöf frá leikskólanum.
- Skipulagt og gott samstarf er á milli leikskóla og grunnskóla.
- Í undirbúningi er samstarf á milli leikskóla og tónlistarskóla.
- Gerð hefur verið handbók fyrir foreldra.
- Gott samstarf er við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og er skipulag sérkennslu á hans ábyrgð.
- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn þekki aðstæður sérkennslubarna.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu.
- Leikskólinn nýtir Skólapúlsinn fyrir foreldra- og starfsmannakannanir.
- Samræðumat fer fram í lok hvers skólaárs.
- Árlega skila deildarstjórar skriflegu endurmati á starfi deilda.
- Daggæsluráðgjafi Fræðsluviðs kemur árlega í leikskólann til að meta fagstarfið.
- SMT er metið reglulega og skráð.
- Gerð er grein fyrir innra mati í ársskýrslu leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að bæta húsnæðisaðstöðu barna og starfsmanna.
- Leggja þarf áherslu á að ljúka við gerð skólanámskrár sem tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 og birta á heimasíðu leikskólans.
- Birta ætti árlega starfsáætlun á heimasíðu leikskólans.
- Æskilegt væri að auka yfirsýn leikskólastjóra með því að hann taki árlegt starfspóunarsamtal við alla starfsmenn.
- Áfram þarf að leita leiða til að vinna úr erfiðum samskiptum milli einstakra starfsmanna.
- Áfram þarf að byggja upp góðan starfsanda þar sem ríkir traust og virðing.
- Æskilegt er að leikskólastjórnendur taki þátt í að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita deildarstjórum og starfsmönnum endurgjöf.
- Áfram þarf að vinna að aukinni samræmingu í fagstarfi leikskólans.
- Æskilegt væri að rýna leikfangakost og efnivið leikskólans, hvernig hann dreifist um leikskólann og hvort hann er aðgengilegur fyrir börnin.
- Gera mætti listsköpun og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Leita ætti leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna.
- Samræma ætti notkun skráninga í tengslum við ferilmöppur barna.
- Æskilegt væri að taka upp samræðu við foreldra um móttöku barna.
- Bæta þarf upplýsingar á heimasíðu leikskólans.
- Koma þarf betur til móts við óskir og ábendingar frá foreldrum um sérstakar þarfir barnanna.

- Æskilegt er að skoða hvernig betur má vinna með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku.
- Innra mat leikskólans þarf að kerfisbinda með langtímaáætlun til nokkurra ára og lýsa þarf matskerfi skólans í skólanámskrá eða starfsáætlun.
- Gera þarf matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans. Tímasetja þarf matið og tilgreina ábyrgðaraðila.
- Leita ætti til allra hagsmunahópa þegar gagna er aflað, þar með talið barna.
- Greina þarf niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og gera grein fyrir, t.d. í ársskýrslu.
- Vinna þarf áfram með tækifæri til umbóta út frá nákvæmri umbótaáætlun þar sem aðgerðir eru tilgreindar og tímasettar svo og ábyrgðaraðilar, viðmið um árangur sett fram og fram kemur hvernig og hvenær endurmeta á árangurinn.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Lundarseli leiðir í ljós að þar fer fram leikskólastarf sem er í góðu samræmi við áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Starfsmenn leggja metnað sinn í að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Börnunum líður vel og foreldrarnir eru að mestu leyti ánægðir með leikskólann og samskipti við stjórnendur og starfsmenn. Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er gott og vel skipulagt sem og samstarf leikskólans við nærsamfélagið. Leikskólinn er vel mannaður af fagfólki. Huga þarf að lagfæringu húsnaðis svo það standist betur þarfir barna og starfsmanna. Auka má áhrif barnanna á skipulag starfsins og þátttöku þeirra í ákvörðunum. Ljúka þarf vinnu við skólanámskrá og gera hana sýnilega á heimasíðu leikskólans. Mikilvægt er að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við að samræma starfsaðferðir og skipulag innan leikskólans og gera hann að einum leikskóla. Æskilegt væri að rýna betur vinnu með skapandi starf og vísindi. Taka þarf upp það vinnulag að gera skammtíma- og langtímaáætlanir um innra mat leikskólans og auka vægi barna í því. Draga ætti fram styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni og vinna áfram með í umbótaáætlun.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2016. Slóðin er:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Embætti landlæknis. Sótt á vef 22. júní 2017. Slóðin er:
<http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Akureyrarbæjar. Sótt á vef 30. maí 2017. Slóðin er:
<https://www.akureyri.is/is/thjonusta/menntun/skolathjonusta>

Heimasíða Lundarsels. Sótt á vef 6. júní 2017. Slóðin er: <http://lundarsel.is>

Íslenska sem annað mál. Sótt á vef 14. júní 2017. Slóðin er: <http://erlendir.akmennt.is>

Leikskóladagatal 2016-2017.

Lækkun hávaða í leikskólum – útgefin skýrsla. Höfundur Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir heyrnar-, tal- og raddmeinafræðingur. Akureyri 2016.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Starfamannahandbók Lundarsels.

Viðtöl:

Símtal við leikskólafulltrúa Fræðslusviðs Akureyrar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp leikskólakennara.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennslustjóra.

